

HAFNARFJARÐARBÆR

Umhverfis- og  
skipulagsþjónusta



www.hafnarfjordur.is



## Ásvellir

16. fundur starfshóps um uppbyggingu Ásvalla var haldinn á Ásvöllum,  
þann 14. febrúar 2017 kl. 17:15.

---

### Viðstaddir voru.

#### Starfshópur.

Helga Ingólfssdóttir, formaður	HI
Helga B Arnardóttir	HBA
Friðþjófur H Karlsson	FHK
Samúel Guðmundsson	SG
Þorgeir Haraldsson	ÞH
Ingimar Haraldsson	IH

#### Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson	SH	Sviðsstjóri - forföll
Geir Bjarnason	GB	Íþróttafulltrúi
Magnús Gunnarsson	MG	Framkvæmdastjóri Hauka

---

Eftirfarandi var tekið fyrir.

Fundinn sat einnig Viktor Sigurðsson eftirlitsmaður á verkframkvæmd undir fyrsta lið fundarins.

- Verkstaða framkvæmda.** Viktor Sigurðsson fór yfir stöðu framkvæmda við íþrótt- og kennsluhúsnæðið. Framkvæmdir ganga vel, byrjað er að byggja sökkla, bráðabirgðahlið komið upp en skortur á starfsmönnum hindrar enn meiri framkvæmdahraða. Aðkoma verður frá bensínstöðinni. Nauðsynlegt er að verktakinn uppfylli kröfur okkar varðandi öryggishlið, lokað vinnusvæði og tryggja öryggis- og leiðbeiningarmerkingar og sporna gegn því að óviðkomandi aðilar komist inn á svæðið. Verkið stendur í um 13 milljónum og er greitt eftir því sem verkið vinnur áfram. Starfshópurinn óskar eftir því að fá fundargerðir verkfunda. Rætt um stigahúsið og hvernig tryggt verður að hafa flóttaleið í lagi þegar það verður rífið. Ennþá starfa bara Íslendingar við verkið en erlendir verkamenn eru á leiðinni en hugað verður að mannsalsmálum í tengslum við það.
- Bréf Hauka til Hafnarfjarðarbæjar.** Farið yfir bréf Haukanna dagsett 12. desember 2016 þar sem óskað er eftir því að Hafnarfjarðarbær fjármagni alfarið framkvæmdina við íþrótt- og

kennsluhúsnæðið. Rætt um hvaða verkþættir hefðu átt að vera á forræði félagsins. Rætt um 90/10 regluna og að hún sé enn í fullu gildi í Hafnarfirði.

**3. Framtíðaruppbygging aðstöðu fyrir knattspyrnu á Ásvöllum.**

Uppbygging á Ásvöllum m.t.t. knattspyrnu. Hl ræddi um stöðuna og að það þyrfti að hugsa um málið í heild og tengja við íbúabróun í hverfinu. Það þarf að viðhalda þjónustu og tryggja að aðbúnaður knattspyrnunnar sé góður. MG fór yfir hugmyndir Haukanna um uppbyggingu á svæðinu. Málið þarf að skoðast á embættismannagrunni út frá lögfræðilegum-, skipulagslegum- og íþróttalegum grunni.

**4. Eignaskiptasamingur.**

ber að klára sem fyrst. Formaður Hauka ýtir við verkefninu og vill að það klárast , en trúlega er stutt í land.

**5. Þreksalur/lyftingarsalur.**

Viðgerðir á húsnæðinu/þreksal ganga vel. Búið er að mála og beðið eftir búnaði og gólfi sem vantar í þreksalinn.

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega að Ásvöllum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40.